# FUNDARGERÐ
# BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**692. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 18. apríl 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs.
2. Tilboð í skólaakstur Grunnskóla 2011/2012 til 2014/215.
3. Starfsmannamál íþróttamiðstöðvarinnar. Karólína Gunnarsdóttir.
4. Aðalfundarboð Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídægru.

**Afgreiðslur:**

1. Lagt fram til kynningar fundarboð á ársfund Stapa lífeyrissjóðs 2011, sem haldinn verður 12. maí n.k. í Skjólbrekku í Mývatnssveit. Byggðarráð samþykkir að senda ekki fulltrúa á fundinn.
2. Lögð fram og yfirfarin tilboð sem bárust í skólaakstur fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra skólaárin 2011/2012 til 2014/2015. Samþykkt að fela sveitarstjóra, oddvita og fulltrúa minnihluta að ganga til viðræðna við lægstbjóðanda, Húnavirki ehf. á grundvelli frávikstilboðs. Elín Anna Skúladóttir dregur til baka tilboð sitt í leið nr. 4.
3. Starfsmannamál íþróttamiðstöðvarinnar. Karólína Gunnarsdóttir íþrótta-og tómstundafulltrúi er mætt á fundinn. Sveitarstjóri og íþrótta-og tómstundafulltrúi kynntu ráðningu Kristjáns H. Jónssonar og Birgit Kositzke í íþróttamiðstöð frá og með 1. maí n.k.
4. Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídægru sem haldinn verður 26. apríl n.k. kl 21:00 í Laxahvammi. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
   Samþykkt að taka á dagskrá.
5. Rætt um erindi frá Magnúsi B. Jónssyni um gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar um eyðingu úrgangs fyrir Norðurland og mögulega þátttöku Húnaþings vestra í því verkefni. Byggðarráð tekur jákvætt í erindið.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:14

| | |
|---|---|
| Sigurbjörg Jóhannesdóttir. | Stefán E. Böðvarsson |
| Elín R. Líndal | Skúli Þórðarson, sveitarstjóri |

Áheyrnarfulltrúi

| | |
|---|---|
| Elín Jóna Rósinberg. | Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri |